



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Reykjavík, 25. febrúar 2020

Gagnatöflur vátryggingafélaga - fjórði ársfjórðungur 2019

Inngangur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt gagnatöflur vátryggingafélaga á samandregnu formi fyrir fjórða ársfjórðung 2019. Hér að neðan er að finna samantekt á þróun helstu stærða úr rekstri skaðatryggingafélaga og líftryggingafélaga á árinu 2019.

Skaðatryggingafélög – fjórði ársfjórðungur 2019


Rekstarrafkoma í skaðatryggingastarfsemi í lok fjórða ársfjórðungs 2019 var neikvæð um rúmar 324 m.kr. en rekstrarrafkoma var neikvæð um 1.486 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Iðgjöld í eigin hlut námu 64,7 ma.kr. og jukust um 7% á milli ára. Tjón í eigin hlut námu 52,2 ma.kr. og hækkuðu um 5,7% yfir sama tímabil.

Samsett hlutfall skaðatrygginga í eigin hlut nam 100,5% við lok fjórða ársfjórðungs. Þrír stærstu greinaflokkar skaðatryggingafélaga eru lögboðnar ökutækjatryggingar, eignatryggingar og aðrar ökutækjatryggingar. Samanlagt standa þessar greinar fyrir um 80% iðgjálda tímabilsins. Samsett hlutfall lögboðinna ökutækjatrygginga var 109,7% en bæði eignatryggingar og aðrar ökutækjatryggingar skiliðu samsettu hlutfalli undir 100%. Samsett hlutfall þeirra var annars vegar 89,5% og hins vegar 88,8%.

Heildareignir skaðatryggingafélaga námu 154,2 ma.kr. í lok árs 2019 og hækkuðu um 18,9 ma.kr. frá sama tíma í fyrra. Þá hækkaði vátryggingaskuld, fyrir hlut endurtryggjenda, úr 76,8 í 83,9 ma.kr. á sama tímabili. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi¹ voru 56,7 ma.kr. við lok fjórðungsins og jukust um 8,5 ma.kr. frá sama tíma í fyrra.

Fjárfestingareignir skaðatryggingafélaga námu 130,8 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi ársins 2019. Hafa fjárfestingareignir aukist um 17 ma.kr. frá síðustu áramótum. Mest er aukning í fyrtækjaskuldabréfum og lausafé og innistæðum sem jukust samanlagt um 10,7 ma.kr.




¹ Solvency II efnahagsreikningur byggir á uppgjörsaðferðum eigna og skuldbindinga í samræmi við kafla XIII. og XIV. í lögum nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Mynd 1: Samsetning fjárfestingareigna skaðatryggingafélaga eftir tegund.

Gjaldþolshlutfall (SCR %) skaðatryggingafélaga hefur hækkað um 13 prósentustig milli ára, úr 153 % í 166%.



Mynd 2: Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um våtryggingastarfsemi. Miðlína kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Rauði punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT


Líftryggingafélög – fjórði ársfjórðungur 2019

Rekstrrafkoma í líftryggingastarfsemi nam 2.0 ma.kr. í lok fjórða ársfjórðungs samanborið við 2.1 ma.kr. hagnað á sama tímabili í fyrra. Jákvæð rekstrrafkoma var í öllum greinum líftrygginga.

Iðgjöld í eigin hlut árið 2019 námu 5,2 ma.kr. og jukust um 7,2% milli ára. Tjón í eigin hlut námu 1,7 ma.kr. og jukust um 33,5% frá fyrra ári. Mestu munar um aukinn tjónakostnað í heilsutryggingum og öðrum líftryggingum sem eykst um 468 m.kr. milli ára.

Heildareignir samkvæmt Solvency II efnahagsreikningi námu 19,3 ma.kr. samanborið við 18,5 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Vátryggingaskuld líftryggingafélaga án söfnunartrygginga nam 4,6 ma.kr. en var 4,3 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Eignir umfram skuldbindingar á Solvency II efnahagsreikningi námu 6,6 ma.kr. samanborið við 6,9 ma.kr árið á undan.

Fjárfestingareignir líftryggingafélaga námu 9,8 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2019 samanborið við 10,2 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Frá áramótum hafa fyrirtækjaskuldabréf aukist um 606 m.kr. en dregið hefur úr vægi ríkisskuldabréfa og sjóða á sama tíma.




Mynd 3: Samsetning fjárfestingaeigna líftryggingafélaga eftir tegund. Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataku eru undanskildar í yfirlitinu.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Gjaldþolshlutfall (SCR %) líftryggingafélaga lækkaði um 34 prósentustig milli ára, úr 221% í 187%.



Mynd 4: Myndin hér er að ofan er s.k. kassarit (e. box plot) sem sýnir dreifingu gjaldþolshlutfalls. Gjaldþolshlutfall er hlutfall gjaldbols og gjaldþolskröfu (SCR) skv. lögum um vátryggingastarfsemi. Miðlina kassans tákna miðgildi gjaldþolshlutfalls, neðri mörk kassans tákna fyrstu fjórðungsmörk gjaldþolshlutfalls og efri mörk kassans tákna þriðju fjórðungsmörkin. Rauði punkturinn í kassanum sýnir meðaltal gjaldþolshlutfalls.